

Umbra

09 980

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Umbra

kt. 420169-0439

Skuggasund 3, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Umbrá er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um opinber fjármál.

Umbrá - þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins vinnur að stöðugum umbótum í ríkisrekstri sem miða að því að skipulag starfsemi ríkisins sé þannig að bregðast megi við breyttum aðstæðum í samfélaginu, sem og að stuðlað sé að markvissri stjórnun, bættri nýtingu fjármuna og auknum árangri.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 5 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.094,8 milljónir og afkoma kr. -14,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 8,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 389,2 milljónir.

Neikvæð afkoma skýrist að mestu af því að tekjur frá stofnunum fyrir tímabilið september til desember 2021 að upphæð 13,6 milljónir færðust ekki á árið, heldur koma inn á árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi að öðru leyti glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Umbrú í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Umbrú fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Viktor Jens Vigfússon
Framkvæmdastjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	331.600.000	317.100.000
Seld þjónusta	3	595.954.599	528.682.906
Vörusala		0	6.277.000
Framlög og ýmsar tekjur	4	96.211.559	77.632.265
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	<u>71.044.638</u>	<u>62.453.333</u>
Tekjur samtals		1.094.810.796	992.145.504
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	515.953.790	460.611.902
Annar rekstrarkostnaður	6	512.134.661	473.736.801
Afskriftir	7	<u>80.736.312</u>	<u>68.359.957</u>
Gjöld samtals		1.108.824.763	1.002.708.660
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(14.013.967)	(10.563.156)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		<u>(257.932)</u>	<u>(218.373)</u>
		(257.932)	(218.373)
Afkoma ársins		<u>(14.271.899)</u>	<u>(10.781.529)</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	14.720.929	18.999.584
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		153.622.226	118.720.325
Farartæki og vélar		81.622.562	85.464.445
Aðrar eignir		5.542.531	6.232.455
Verk í vinnslu		82.915.522	61.728.303
		323.702.841	272.145.528
Fastafjármunir samtals		338.423.770	291.145.112
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	10	19.170.591	8.370.895
Tengdir aðilar	11	31.629.552	14.090.250
Veltufjármunir samtals		50.800.143	22.461.145
Eignir samtals		389.223.913	313.606.257
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		8.326.678	22.598.577
Eigið fé samtals		8.326.678	22.598.577
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	107.845.282	154.791.154
Viðskiptaskuldir		63.338.338	93.735.399
Ýmsar skammtímaskuldir	13	44.441.584	38.234.913
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	165.272.031	4.246.214
Skuldir samtals		380.897.235	291.007.680
Eigið fé og skuldir samtals		389.223.913	313.606.257
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(14.271.899)	(10.781.529)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	80.736.312	68.359.957
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(71.044.638)	(62.453.333)
		(4.580.225)	(4.874.905)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(10.799.696)	5.366.387
Tengdir aðilar		39.570.311	(41.994.175)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(24.190.390)	41.147.693
		4.580.225	4.519.905
		<u>0</u>	<u>(355.000)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(6.617.761)	(12.502.672)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(52.679.619)	(105.631.902)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, verk í vinnslu		(21.187.219)	(23.725.504)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		19.721.978	4.382.500
		(60.762.621)	(137.477.578)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	101.232.578
Fjárfestingarframlag		60.762.621	36.600.000
		60.762.621	137.832.578
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisýrningu og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisýrningu.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisýrningu. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisýrningunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluvegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	331.600.000	317.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	71.044.638	62.453.333
	402.644.638	379.553.333

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	317.100.000	0	0	317.100.000
Fjáraukalög	12.900.000	0	0	12.900.000
Millifært úr varasjóð	1.600.000	0	0	1.600.000
Fjárveiting til tekna	331.600.000	0	0	331.600.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(345.871.899)	0	0	(345.871.899)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(14.271.899)	0	0	(14.271.899)

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Sérfræðiþjónusta	12.583.440	0
Ýmsar þjónustutekjur	576.167.312	516.077.784
Fræðslustarfsemi og fundir	7.203.847	12.605.122
	595.954.599	528.682.906

4 Framlög og ýmsar tekjur		
Leigutekjur	53.603.086	42.956.552
Kostnaðarhlutdeild	41.682.337	34.662.324
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	922.968	0
Ýmsar tekjur	3.168	13.389
	96.211.559	77.632.265

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	412.282.512	364.974.490
Orlof, breyting	6.206.671	9.215.916
Launatengd gjöld	91.738.256	82.365.253
Starfsmannakostnaður	5.726.351	4.056.243
	515.953.790	460.611.902

Meðalfjöldi stöðugilda	37,9	34,4
------------------------------	------	------

6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	421.251	709.644
Byggingarvörur, almennar	100.405	161.490
Byggingarvörur, aðrar	65.260	273.252
Tæki og búnaður til innréttinga	0	21.555
Ýmis tæki og áhöld	4.954.293	8.424.615
Varahlutir og viðhaldsvörur	512.437	648.504
Orkugjafir	34.953.596	21.956.066
Matvæli	11.920.643	10.121.114
Almennar rekstrarvörur	6.101.464	6.914.470
Vörukaup, almenn	59.029.349	49.230.710

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður, framhald		
Ýmsar sérgreindar vörur	141.102	125.003
Vörukaup, sérgreind	141.102	125.003
Fundir, námskeið, risna	7.807.864	3.960.899
Ferðir, uppihald	699.601	747.114
Akstur	16.651.930	14.180.510
Sérfræðiþjónusta	147.650.143	162.070.172
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	404.629	508.470
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	3.153.926	3.630.202
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.236.894	2.734.293
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	178.604.987	187.831.660
Samningsbundin kaup og leiga	270.985	2.334.556
Afnotagjöld	132.619.822	112.043.069
Leigugjöld	25.262.397	7.048.709
Notkun véla og flutningatækja	5.006.983	5.188.447
Verkkaup	108.126.830	101.178.054
Kostnaðarhlutdeild	1.065.414	0
Tryggingar, lögboðnar	1.690.936	1.291.263
Opinber gjöld	315.856	7.465.330
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	274.359.223	236.549.428
Annar rekstrarkostnaður samtals	512.134.661	473.736.801
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	54.557.203	45.258.710
Farartæki og vélar	14.592.769	12.029.101
Aðrar eignir	689.924	660.751
Sölutap og úreltar eignir	0	1.298.814
Niðurfærsla óefnislegra eigna	10.896.416	9.112.581
	80.736.312	68.359.957
	31.12.2021	31.12.2020
8 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	14.720.929	18.999.584
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2021		38.801.279
Viðbætur á árinu		6.617.761
		45.419.040
Niðurfært 01.01.2021		19.801.695
Niðurfærsla ársins		10.896.416
		30.698.111
Staða 31.12.2021		14.720.929

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	153.622.226	118.720.325
Farartæki og vélar	81.622.562	85.464.445
Aðrar eignir	5.542.531	6.232.455
	<u>240.787.319</u>	<u>210.417.225</u>
Verk í vinnslu, fasteignir.....	82.915.522	61.728.303
	<u>323.702.841</u>	<u>272.145.528</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	279.660.534	118.025.938	7.177.359	404.863.831
Viðbætur á árinu.....	89.459.104	28.559.790	0	118.018.894
Selt/úrelt á árinu.....	0	(27.270.649)	0	(27.270.649)
	<u>369.119.638</u>	<u>119.315.079</u>	<u>7.177.359</u>	<u>495.612.076</u>
Afskriftir 01.01.2021	160.940.209	32.561.493	944.904	194.446.606
Afskrift ársins.....	54.557.203	14.592.769	689.924	69.839.896
Selt/úrelt á árinu.....	0	(9.461.745)	0	(9.461.745)
	<u>215.497.412</u>	<u>37.692.517</u>	<u>1.634.828</u>	<u>254.824.757</u>
Staða 31.12.2021	<u>153.622.226</u>	<u>81.622.562</u>	<u>5.542.531</u>	<u>240.787.319</u>

10 Viðskiptakröfur

31.12.2021 31.12.2020

Viðskiptakröfur	19.170.591	8.370.895
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu	0	0
	<u>19.170.591</u>	<u>8.370.895</u>

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	12.767.693	0
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	18.861.859	14.090.250
	<u>31.629.552</u>	<u>14.090.250</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	0	96.677.561
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	107.845.282	58.113.593
	<u>107.845.282</u>	<u>154.791.154</u>

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	22.598.577	33.380.106
Afkoma ársins	(14.271.899)	(10.781.529)
Jöfnuður 31.12.	8.326.678	22.598.577

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2021	31.12.2020
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	44.441.584	38.234.913
	44.441.584	38.234.913

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	168.454.159	176.823.102
Umframráðstafað til fjárfestinga	(3.182.128)	(172.576.888)
	165.272.031	4.246.214

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	176.823.102	(172.576.888)	4.246.214
Breyting á fjárfestingarfjárveitingu skv. ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0	123.557.381	123.557.381
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	106.600.000	106.600.000
Bókfært verð seldra eigna	(17.808.904)	17.808.904	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	1.913.074	1.913.074
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum, verk í vinnslu	21.187.219	(21.187.219)	0
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	52.679.619	(52.679.619)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum	6.617.761	(6.617.761)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(71.044.638)	0	(71.044.638)
	168.454.159	(3.182.128)	165.272.031

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 76,2 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og ýmsa aðra rekstrar og þjónustusamninga m.a. vegna tölvuþjónustu, ræstingar og öryggisgæslu. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 21,7 milljón og vegna rekstrar-og þjónustusamninga kr. 210,0 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.